

Sameiginlegur fundur bæjarráðs Fjarðabyggðar og byggðaráðs Múlaþings

Þriðjudagur 31.10.2023 kl. 10:40

Mætt:

Fjarðabyggð: Jóna Árný Þórðardóttir, Ragnar Sigurðsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson, og Þórður Vilberg Guðmundsson

Múlaþing: Björn Ingimarsson, Ívar Karl Hafliðason, Vilhjálmur Jónsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Hildur Þórisdóttir og Pröstur Jónsson

1. Setning fundarins

Stefán Þór bauð fulltrúa byggðaráðs Múlaþings velkomna og fór í stuttu máli yfir markmið fundarins. Mikilvægt að reglubundið samtal sé á milli sveitarfélaganna á þessum vettvangi, varðandi ýmis sameiginleg mál. Í dag verður fyrst og fremst horft til úrgangsmála.

Björn Ingimarsson tók undir mikilvægi þessara samvinnu og samtals, og úrgangsmálin væri flottur staður að byrja á. Múlaþing er í undirbúningi á útboði, framlengdur samningur rennur út vorið 2024 og þeir þurfa þess vegna að ljúka, og Fjarðabyggð þarf að hefja þann undirbúning á næsta ári.

2. Útboð úrgangsmála:

Rætt um útboð í úrgangsmálum, en bæði Múlaþing og Fjarðabyggð eru að skoða þau mál hjá sér.

- Jóna Árný fór yfir nokkrar punkta varðandi úrgangsmál og samvinnu sveitarfélaganna á Austurlandi í úrgangsmálum.
- Jóna fór einnig yfir nokkrar sviðsmyndir sem dregnar hafa verið upp um framkvæmd úrgangsmála. Rætt um kosti þessara leiða og galla
 - Fjarðabyggð hefur farið þá leið að semja við nokkra verktaka um afmarkaði þætti. Reynslan hefur bæði verið góð og slæm.
 - Múlaþing hefur samið við einn aðila um alla þætti. Reynslan bæði góð og slæm.
 - Staða mála í Múlaþingi er þannig að samningur um úrgangsmálin renna út vorið 2024 og þar er vinna í gangi við undirbúning að nýju útboði, Fjarðabyggð er með samning út árið 2025, en þarf engu að síður að fara að vinna að undirbúningi sín megin.
 - Rætt var um möguleika á að Múlaþing og Fjarðabyggð fari sameiginlega í útboð. Ef fara á að fara í það er mikilvægt að sameiginlegur hópur sveitarfélaganna sitjist niður núna og fari yfir málið, meti kostina og finni hagkvæmustu leiðina fyrir Austurland.
 - Taka þarf saman heildartölur varðandi umfang úrgangsmála í sveitarfélögunum til búa til umræðugrundvöll
 - Rætt um hvort að frekari brennsla sé kostur.
 - Finna þarf hagkvæma lausn, kostnaður hefur stór aukist við málaflokkinn á síðust árum.

Niðurstaða varðandi úrgangsmál:

Niðurstaða fundarins er að settur verði saman starfshópur sem kannar hvort hagkvæmt væri að fara í sameiginlegt útboð í málaflokknum. Gert ráð fyrir að 2 starfsmenn frá sveitarfélögunum tveimur mynda starfshópinn og munu Jóna og Björn fela starfsmönnum að fara í þessa vinnu. Skoðaðar verði mögulegar útfærslur á sameiginlegu útboði í málaflokknum. Jafnframt munu JÁP og BI eiga fundi með sveitastjórum Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps í næstu viku og fara þar yfir þessi mál með þeim.

3. Skíðasvæðin á Austurlandi:

Rætt um möguleika á samlegð milli sveitarfélaganna varðandi rekstur skíðasvæðanna í Stafdal og Oddsskarði. Mikil kostnaður er að falla til við rekstur þessara svæða, og skoða þarf hvaða möguleikar eru í stöðunni varðandi rekstur þessara svæða. Björn og Jóna skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni til að taka þetta mál áfram.

4. Næsti fundur:

Stefnt að því að þessi hópur fundi aftur saman fyrir jól.